

Saga 3

Tumi er með sítt hár.

Hann er víst „bítill“.

Hann spilar á gítar

og stundum á trommu.

Hann syngur líka og galar

og þykist vera fínn.

Mamma er ekki hrifin

af þessu úfna hári.

Hún vill að Tumi fari

beina leið til rakarans.

Tumi gerir það loks

fyrir mömmu sína.

En fyrst á eftir var honum

ósköp kalt á eyrunum.